



Landssamtökin

Proskahjálpar

Mannréttindi fyrir alla!

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 35 mál.

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að fá þingsályktunartillöguna til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við velferðarnefnd og Alþingi varðandi hana.

Örorkulífeyrisþegar eru mjög oft ekki með réttindi hjá stéttarfélagum og hafa yfirleitt miklu minni aðgang að orlofshúsum en landsmenn almennt og þar með þeirri tilbreytingu, afþreyingu og tækifærum til fjölskyldu- og félagslífs sem þau veita. Segja má að slíkur aðgangur teljist vera mikilvægur þáttur í því sem telst vera eðlilegt líf hér á landi. Tækifæri til eðlilegs líf jafns við aðra er meginmarkmið í réttindabaráttu fatlaðs fólks og grunvallarþáttur í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Landssamtökin Proskahjálpar lýsa því eindregnum stuðningi við þingsályktunartillöguna og hvetja velferðarnefnd að beita sér fyrir því að hún verði samþykkt.

Samtökin benda velferðarnefnd og Alþingi á tillögur sem starfshópur skilaði í desember 2016 til félags- og húsnæðismálaráðherra (nú félagsmálaráðherra). Tillögurnar má finna í skýrslu starfshósins, „Framtíðarfyrirkomulag orlofsmála fatlaðs fólks“, sem má nálgast á þessum hlekk:

file:///C:/Users/Lenovo/AppData/Local/Microsoft/Windows/INetCache/Content.Outlook/H6B1B5OW/2016%2012%20Framtíðarfyrirkomulag%20orlofsmála%20fatlaðs%20fólks.pdf

Samtökin óska jafnframt eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum varðandi þessi mikilvægu mál.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Proskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.